

Orkustofnun
Skúli Thoroddsen
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 12. desember 2014
2014110009/42-8
TB
jgo/tb

Nýtingarleyfi á jarðhita í landi Möðruvalla í Kjós, umsögn

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 12. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Kjósahepps um nýtingarleyfi á jarðhita í landi Möðruvalla í Kjós. Beðis er velvirðingar á hvað dregist hefur að svara erindinu.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir erindið og sér ekki ástæðu til að gera athugasemd við að leyfið verði veitt. Stofnunin vill hins vegar vekja athygli á að Laxá í Kjós er hluti af svæði nr. 134 á náttúruminjaskrá þ.e. „.....Vatnasvið Laxár og nánasta umhverfi frá ósi upp að vatnaskilum. Meðalfellsvatn, Stíflisdalsvatn og Mjóavatn. Káranesseg og Hurðarbaksseg.....Laxá er ein helsta laxveiðiá landsins. Í sefunum er fjölskrúðugt fuglalíf." Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að nýting jarðhita í landi Möðruvalla raski ekki lífríki Laxár hvorki vegna jarðrasks eða affallsvatns/frárennslisvatns.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

